

# Verklagsreglur Kviku banka um upplýsingagjöf og samskipti við hagsmunaaðila

## 1. Markmið

- 1.1. Tilgangur verklagsreglnanna er að veita hagsmunaaðilum nákvæmar, tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um starfsemi Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“). Þannig geta fjárfestar, hluthafar, greiningaraðilar, fjölmiðlar og aðrir hagsmunaaðilar haft greiðan aðgang að nauðsynlegum og nýjum upplýsingum og geta tekið afstöðu til fjármálagerna bankans sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingarnar eru veittar í samræmi við m.a. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerna.
- 1.2. Reglurnar skulu teljast vera stefna Kviku um upplýsingagjöf og samskipti við hagsmunaaðila.

## 2. Birting upplýsinga

- 2.1. Kvika mun haga upplýsingagjöf sinni í samræmi við gildandi löggjöf og reglur Nasdaq Iceland hf. á hverjum tíma. Upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga skal birta eins fljótt og auðið er. Heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga að ákveðnum lagaskilyrðum uppfylltum. Upplýsingar sem birtar eru skulu vera réttar, viðeigandi, skýrar og á engan hátt misvísandi.
- 2.2. Upplýsingar skulu birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu opinberlega í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. og skulu einnig birtar á vefsíðu Kviku. Ávallt skal gæta að jafnræði fjárfesta varðandi aðgengi að upplýsingunum og tryggja gagnsæi í upplýsingagjöf.
- 2.3. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu bankans í að minnsta kosti þrjú ár frá birtingu. Fjárhagsupplýsingar skulu þó vera aðgengilegar að lágmarki í fimm ár frá birtingu þeirra.
- 2.4. Regluvörður skal sjá um að birta upplýsingar skv. gr. 2.2. og í fjarveru hans staðgengill regluvarðar.

## 3. Upplýsingaskylda


- 3.1. Kvika skal birta samþykktan ársreikning og árshlutareikninga opinberlega í samræmi við gildandi löggjöf og reglur Nasdaq Iceland hf. á hverjum tíma.
- 3.2. Kvika skal birta upplýsingar um ákvarðanir sem kunna að hafa veruleg áhrif á rekstur og afkomu bankans og marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerna sem hann gefur út.
- 3.3. Leiki vafi á því hvort birta skuli upplýsingar samkvæmt þessum verklagsreglum, gildandi lögum og reglum Nasdaq Iceland hf. skal nefnd skipuð forstjóra, regluverði og einum lykilstarfsmanni Kviku leggja mat á hvort upplýsingarnar teljist birtingarskyldar. Séu forstjóri og/eða regluvörður ekki tiltækir skulu staðgenglar þeirra taka sæti í nefndinni í þeirra stað. Nefndin skal halda skrá um ákvarðanir sínar og rökstuðning fyrir þeim.

## 4. Birting annarra upplýsinga og samskipti við hagsmunaaðila


- 4.1. Kvika mun ársfjórðungslega birta lykiltölur úr rekstri bankans.

- 4.2. Í kjölfar birtingar á ársreikningi og sex mánaða uppgjöri skal Kvika halda upplýsingafundi fyrir hagsmunaaðila.
- 4.3. Kvika mun að meginstefnu ekki tjá sig um sveiflur í verði hluta og viðskiptamagni. Sama á við orðróm og getgátur á markaði.
5. **Talsmenn Kviku**
- 5.1. Stjórnarformaður, forstjóri og aðstoðarforstjóri Kviku eru talsmenn bankans gagnvart fjölmiðlum. Talsmenn geta veitt öðrum starfsmönnum heimild til að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar en að öðru leyti skulu starfsmenn ekki tala fyrir hönd bankans.
- 5.2. Fjarfestar, hluthafar, greiningaraðilar, fjölmiðlar og aðrir geta beint fyrirspurnum varðandi Kviku til forstjóra bankans, Ármanns Þorvaldssonar (fjarfestar@kvika.is).


Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 19. mars 2018.



Þorsteinn Pálsson




Inga Björg Hjaltadóttir



Guðmundur Þórðarson



Kristín Guðmundsdóttir



Hrönn Sveinsdóttir